



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og menningarmálaráðun.  
Sölvhólsgrötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 7. júní 2021

2106012SA KB  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um drög að aðgerðaáætl.- tómsunda- og félagsst. barna og ungmenna, S 121/2021.**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 26. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að aðgerðaáætlun vegna stefnu um tómsunda- og félagsstarf barna og ungmenna.

Áætlunin er í vinnslu í tengslum við drög að stefnu um félags- og tómsundastarf barna og ungmenna sem áður hefur verið kynnt í samráðsgátt, og sambandið veitti [umsögn](#) um, en stefnan hefur ekki verið formlega samþykkt af ráðherra.

### **Afstaða sambandsins**

Eins og fram kom í umsögn sambandsins um fyrrgreinda stefnu telur sambandið jákvætt að mennta- og menningarmálaráðuneytið setji fram stefnu í málaflokknum enda er þátttaka barna og ungmenna í íþróttá-, æskulýðs- og tómsundastarfi mikilvægur þáttur í uppveksti þeirra.

Hvað aðgerðaáætlunina varðar vill sambandið taka eftirfarandi fram:

- *Sambandið tekur undir mikilvægi þess að æskulýðslög verði endurskoðuð. Við þá endurskoðun þarf að gæta sérstaklega að hugtakanotkun svo gildissvið sé skýrt. Jafnframt þarf að taka afstöðu til þess hvort að skynsamlegt sé að endurskoða aldursviðmið laganna. Þá er að mati sambandsins nauðsynlegt að ný lög verði útfærð sem ramma- og markmiðslöggjöf sem tryggja sveitarfélögum og öðrum framkvæmdaaðilum svigrúm til staðbundinnar aðlögunar svo framarlega sem þau fylgja markmiðum laganna, t.d. varðandi samráð við börn og ungmenni.*
- *Sambandið tekur undir mikilvægi þess að fjárförf til tómsunda- og félagsstarfs verði metin. Í því samhengi er þó nauðsynlegt að skýrt sé hvaða starf og hvaða fjármögnun fellur undir það mat.*
- *Sambandið telur óljóst hvað átt er við með því að vinna skuli að gerð laga um heildstætt og faglegt heilsárs félags- og tómsundastarf á vegum sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að skýra þessa aðgerð betur.*

- Sambandið setur fyrirvara við þá fyrirætlan að lögfest verði í grunnskólalögum að fulltrúi frístundasviðs sveitarfélaga hafi aðgang að nemendaverndarráðum. Hlutverk nemendaverndarráða er að fjalla um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemandahópa. Umfjöllun í ráðinu getur því verið mjög sérhæfð og um viðkvæm málefni og því ekki æskilegt að fleiri taki þátt í afgreiðslu mála en nauðsyn krefur. Þar að auki er ráðinu heimilt að kalla til aðila er tengjast málinu ef þörf er á og eins er skipulag sveitarfélaga í þessum málaflokka ekki alls staðar eins. Að mati sambandsins þarf því að rökstyðja þessa tillögu betur. Einnig er rétt að benda á að það er ekki nægilega skýrt hvaða starfsemi fellur undir hugtakið „frístundasvið“.


### Að lokum

Ljóst er að mörg verkefni sem sett eru upp í áætluninni geta kallað á aukinn kostnað. Sé fyrirsjáanlegt að verkefnin kalli á aukinn kostnað hjá sveitarfélögum er nauðsynlegt að þær aðgerðir verði kostnaðarmetnar og því áskilur sambandið sér rétt til frekari athugasemda við vinnslu stefnunnar og aðgerðaáætlunarinnar.

Þá óskar sambandið eindregið eftir því að vera þátttakandi í þeirri vinnu sem framundan er við að ljúka stefnumótun og aðgerðaáætlun í málafloknum. Mikilvægt er jafnframt að tryggja aðkomu sveitarfélaga að undirbúningi og innleiðingu þeirra aðgerða sem ráðist verður í.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri